

milljóneri af

segir Óskar Gíslason ljósmyndari og kvikmyndatökumaður

háu bjarginu."

„Nú átti aðeins eftir að kvikmynda strandið sjálf og björgunina. Það kom til tals að setja á svið strand í Grindavík, en hræddur er ég um að það hefði orðið hálfankannalegt að sjá einhverjar gúmmidúkkur hangandi utan á lunningunni. En einmitt um það leyti strandar annar togari, þá við Hafnarmúla sem er skammt frá Patreksfirði. Ég er þá staddur við kvikmyndatöku í Hvalsvík og við leggjum strax af stað þegar við heyrum um strandið og göngum alla nóttina. Í morgunsárið komum við á strandstæðinn og birti þá upp þannig að ég gat hafið kvikmyndatökuna. Strandir og björgunin er sem sagt raunverulegt, enda þótt hin atriðin séu leikin."

Mikið fjaðrafok vegna kvikmyndarinnar „Agirnd"

Ein kvikmynda Óskars, „Agirnd", olli miklu fjaðrafoki þegar hún var frumsýnd í Tjarnarbió fyrir 24 árum. „Þessi kvikmynd er þannig til komin að ég fór á æfingu hjá Ævari Kvaran, og þar var verið að æfa látbragðsleik. Mér leist nokkuð vel á þetta og fékk leyfi til að kvikmynda það á fjöllum Þjóðleikhússins. Leikurinn hét „Hálsfestin" hjá krökkunum, en ég breytti nafninu og kallaði hann „Agirnd". Hann segir frá gamalli konu sem liggur á banaþeginu og presturinn kemur til að gefa henni sakramentið. Gamla konan lúrir á forlata perlufesti sem hún hafði fengið í brúðkaupsgjöf frá eiginmanni sínum mörgum árum áður. Nema hvað kerlingin deyr og presturinn gerir sér lítið fyrir og rænir perlufestinni. Festingur síðan frá einum manni til annars og eigendaskiptin verða öll hin sögulegustu, en það skiptir engu máli í þessu

sambandi. Íslendingar fylltust heilagri reiði yfir því að presturinn skyldi vera látinn stela festinni og fannst þetta óvirðing við prestastéttina. Biskup sendi lögreglustjóra bréf og nokkrum síðar komu tveir lögregluþjónar niður í bió og sögðu að sýningar á myndinni hefðu verið bannaðar. Þær voru stöðvaðar í viku og þá fékk ég leyfi til að sýna myndina aftur. Nú á dögum þætti það vist ekki mikið þótt einhver léti sér detta í hug að gera mynd um þjófotta presta. Ég er feginn að úr þessu rættist því að þessi mynd þykir mér tæknilega sú besta sem ég hef gert.

Varð að gera allar tæknibrellur með upp-tökuvélinni

Hvaða mynd hafðirðu mest gaman af að gera?

„Ætli það hafi ekki verið „Síðasti bærinn í dalnum". Þá þurfti ég að glíma við alls konar brellur, til dæmis þegar kistan flýgur og álfarnir hverfa inn í björgin. Núna er allt þess háttar gert í kopieringunni, en ég varð að gera það með upp-tökuvélinni og klippingunni. Við unnum mest að þessu um helgar og það var oft enginn leikur. Stundum lögðum við af stað með allt hafur-taskið austur í Ólfus í finu veðri, en þegar komið var á Hellsisheiði var komið vitlaust veður og við urðum að snúa heim aftur. Nei, þetta var ekkert ævintýralíf, heldur að mestu leyti hörð vinna."

„Ætla að endurnýja þessar gömlu kvikmyndir á næstunni"

„Ég byst ekki við að ég ráðist í neitt stórvirki í náinni framtíð," sagði Óskar þegar við spurðum hvað væri á döfinni hjá honum á næstunni. „Kostnaðurinn er orðinn svo mikill við gerð




Þessa skopmynd af Óskari teiknaði Halldór Pétursson.


kvikmynda að það er ekki á færi einstaklinga lengur. „Síðasti bærinn í dalnum" kostaði mig 500 þúsund krónur og þótti mér þó nóg um. Samt sem áður er

mikil framtíð í kvikmyndagerð á Íslandi og með komu sjónvarpsins var að mínum dómi flett blaði í kvikmyndasögunni. Eg ætla nú að fara að endurnýja


þessar gömlu myndir minar, setja inn á þær nýtt hljóð og fleira þess háttar til þess að forða þeim frá eyðileggingu." —AHO



„Þeir hjá hernum gómuðu mig nokkrum sinnum með myndavélina og færðu mig niður á stöð. Ljós m. JENS



Ó, nema hvað kerlingin deyr og presturinn gerir sér lítið fyrir og rænir þessari forlata perlufesti".



„Ég hef alltaf haft gaman af portrettmyndum en á hinn bóginn tók ég sjaldan landslagsmyndir".

Ljós m. JIM